

Fundargerð 330. fundar sveitarstjórnar Flóahrepps

Fundarstaður: Þingborg og í beinu streymi
Fundardagur: Þriðjudagur 18. nóvember 2025
Fundartími: 17:00-18:20
Fundarmenn: Árni Eiríksson, oddviti
Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri
Walter Fannar Kristjánsson
Harpa Magnúsdóttir
Hjalti Guðmundsson

Árni Eiríksson oddviti setti fund, bauð fundargesti velkomna og leitaði athugasemda við fundarboð. Engar athugasemdir gerðar. Hulda Kristjánsdóttir ritaði fundargerð.

1. Fundargerð skipulagsnefndar nr. 313, dags. 12.11.2025:

a) Skálmholt land L186112; Huldu- og Maríuhólar; Aukið byggingarmagn; Deiliskipulagsbreyting – 2510016

Lögð er fram tillaga deiliskipulagsbreytingar sem tekur til Huldu- og Maríuhóla í landi Skálmholts í Flóahreppi. Í breytingunni felst að byggingarheimildir eru rýmkaðar. *Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að samþykkja viðkomandi breytingu á deiliskipulagi svæðisins. Málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi.*

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir breytingar á deiliskipulagi sem tekur til Skálmholts land L186112; Huldu- og Maríuhólar en í breytingunum felst að byggingarheimildir eru rýmkaðar. Samþykkt er að málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

b) Krækishólar; Aukið byggingarmagn; Deiliskipulagsbreyting – 2510043

Lögð er fram tillaga deiliskipulagsbreytingar sem tekur Krækishóla í Flóahreppi. Í breytingunni felst að byggingarheimildir eru rýmkaðar. *Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að samþykkja viðkomandi breytingu á deiliskipulagi svæðisins. Málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi.*

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir breytingar á deiliskipulagi sem tekur til Krækishóla í Flóahreppi en í breytingunum felst að byggingarheimildir eru rýmkaðar. Samþykkt er að málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

c) Laugardælur – hverfi; Nýr aðkomuvegur; Deiliskipulag – 2411053

Lögð er fram tillaga nýs deiliskipulags, eftir afgreiðslu Skipulagsstofnunar, sem tekur til lands Laugardæla L166253. Í deiliskipulaginu felst nýr aðkomuvegur að Laugardælum frá mislægum gatnamótum við nýja brú yfir Ölfusá að austanverðu.

Athugasemdir bárust frá Skipulagsstofnun og eru þær lagðar fram við afgreiðslu málsins ásamt uppfærðum gögnum.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að samþykkja framlagt deiliskipulag eftir auglýsingu. Nefndin telur að brugðist hafi verið við umsögnum sem bárust vegna málsins með fullnægjandi hætti innan gagnanna. Jafnframt er búið að uppfæra gögnin sem við á með fullnægjandi hætti í samræmi við þær athugasemdir sem bárust við yfirferð skipulagsstofnunar í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Nefndin mælist til þess að deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir framlagt deiliskipulag sem tekur til lands Laugardæla L166253 en í deiliskipulaginu felst nýr aðkomuvegur að Laugardælum frá mislægum gatnamótum við nýja brú yfir Ölfusá að austanverðu. Sveitarstjórn telur að brugðist hafi verið við umsögnum sem bárust vegna málsins með fullnægjandi hætti innan gagnanna. Sveitarstjórn telur jafnframt að búið sé að uppfæra gögnin sem við á með fullnægjandi hætti í samræmi við þær athugasemdir sem bárust við yfirferð Skipulagsstofnunar í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Sveitarstjórn samþykkir að deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

d) Langholt 1 L166247; 3 Landbúnaðarlóðir; Deiliskipulag – 2510083

Lögð er fram tillaga nýs deiliskipulags sem tekur til Langholts 1 L166247 í Flóahreppi. Í deiliskipulaginu felst að skilgreindar eru þrjár nýjar lóðir sem teknar eru úr landi Langholts. Gert er ráð fyrir einum byggingarreit innan hvernar lóðar þar sem heimilt er að byggja íbúðarhúsnæði, bílgeymslu, gesthús, skemmu og gróðurhús. *Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að deiliskipulagið verði samþykkt og að það verði auglýst á grundvelli 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem allar meginforsendur fyrir gerð deiliskipulagstillögunnar liggja fyrir innan aðalskipulags sveitarfélagsins. Jafnframt er mælt til að erindið verði grenndarkynnt innan hverfisins.*

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir framlagt deiliskipulag fyrir Langholt 1 L166247 og að það verði verði auglýst á grundvelli 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem allar meginforsendur fyrir gerð deiliskipulagstillögunnar liggja fyrir innan aðalskipulags sveitarfélagsins.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

e) Óshólar L210325; Aukið byggingarmagn og stækkun byggingarreits; Deiliskipulagsbreyting – 2511009

Lögð er fram tillaga deiliskipulagsbreytingar sem tekur til Óshóla L210325 í Flóahreppi. Í breytingunni felst að byggingarreitur 1 stækkar til norðausturs og heimilt verður að byggja á honum allt að 400 m² skemmu ásamt 350 m² íbúðarhúsi. *Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að samþykkja framlagða breytingu á deiliskipulagi svæðisins. Málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi.*

Breyting varð á ofangreindu máli eftir fund skipulagsnefndar þar sem óskað var eftir því að heimilt verði að byggja 450 m² skemmu í stað 400 m² ásamt 350 m²

íbúðarhúsi. Heildar byggingamagn verði því 800m² á byggingarreit 1. Skipulagsfulltrúi gerir ekki athugasemdir við að heimild verði rýmkuð um 50m² til viðbótar.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir framlagða breytingu á deiliskipulagi, með fyrirvara um uppfærð gögn, sem tekur til Óshóla L2100325 og að málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi. Breytingin felur í sér stækkun á byggingareit 1 til norðausturs og að heimilt verði að byggja á honum allt að 450m² skemmu ásamt 350 m² íbúðarhúsi.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

f) Efri-Gegnishólar L165469; Spennistöð; Framkvæmdarleyfi – 2511001

Lögð er fram umsókn um framkvæmdaleyfi fyrir 20 m² lóð undir spenn- og rofastöð í landi Efri-Gegnishóla L165469 í Flóahreppi

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að ekki verði gerð athugasemd við útgáfu framkvæmdaleyfis á grundvelli 5. mgr. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Þar sem engir aðrir hagsmunaaðilar eru innan svæðisins sem framkvæmdin tekur til en umsækjandi er ekki talin þörf á grenndarkynningu.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir framlagða umsókn um framkvæmdaleyfi fyrir 20m² lóð undir spenn- og rofastöð í landi Efri-Gegnishóla L165569.

Framkvæmdaleyfi verði gefið út á grundvelli 5. mgr. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Þar sem engir aðrir hagsmunaaðilar eru innan svæðisins sem framkvæmdin tekur til en umsækjandi er ekki talin þörf á grenndarkynningu.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

g) Hjálmholt L166235; Hvítárbyggð L238531; Breytt lega frístundasvæði F22; aðalskipulagsbreyting – 2406056

Lögð er fram tillaga að breytingu á Hvítárbyggð L238531 sem áður var hluti jarðarinnar Hjálmholt í aðalskipulagi Flóahrepps 2017-2029. Í breytingunni felst að gert verði ráð fyrir að skilgreina um 10 ha svæði sem verslun og þjónusta, heildar byggingamagn gæti orðið allt að 10.000 m² og myndi tengjast ferðaþjónustu s.s. hótél, gistiheimili og veitingahús. Jafnframt er óskað eftir því að frístundasvæðið F22, verði breytt úr frístundabyggð í íbúðabyggð og það stækkað. Loks er óskað eftir að skilgreina um 12ha svæði undir golfvöll.

Skipulagsnefnd mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að framlögð tillaga að breytingu á skilgreindri landnotkun Hvítárbyggð L238531 sem áður var hluti jarðarinnar Hjálmholt í aðalskipulagi sveitarfélagsins: a) svæði sem verslun og þjónusta, í tengslum við ferðaþjónustu b) frístundasvæði F22, verði breytt úr frístundabyggð í íbúðabyggð og það stækkað c) 12ha svæði undir golfvöll, verði vísað í endurskoðun aðalskipulags Flóahrepps sem nú stendur yfir.

Sveitarstjórn Flóahrepps óskar eftir því að ofangreint mál fái nýtt málsnúmer í málakerfi UTU til að aðgreina málið frá máli nr. 2406056 sem varðar aðalskipulagsbreytingu vegna breyttrar legu á frístundasvæði F22.

Sveitarstjórn samþykkir að fresta afgreiðslu málsins og óskar eftir fundi með viðkomandi aðilum sem standa að skipulaginu með fulltrúum sveitarstjórnar og skipulagsfulltrúa.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

2. Afgreiðslur byggingarfulltrúa nr. 237, dags. 05.11.2025

Lagðar fram til kynningar.

3. Styrkbeiðni frá Sigurhæðum

Fyrir liggur styrkumsókn frá Sigurhæðum ásamt upplýsingum um starfsemi Sigurhæða og kostnaðaráætlun 2026. Óskað er eftir styrk að upphæð 356.180 kr og er þá gert ráð fyrir framlagi frá SASS á árinu 2026.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir framlagða styrkbeiðni frá Sigurhæðum og vísar erindi til frekari vinnslu vegna fjárhagsáætlunar 2026.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

4. Neyðarkallinn 2025 – Stuðningur við starf björgunarsveitanna

Björgunarsveitirnar standa árlega fyrir verkefninu Neyðarkallinn þar sem hagnaður af sölu rennur beint til viðkomandi félags, í þessu tilfelli Björgunarfélags Árborgar. Svigrúm er í núverandi fjárhagsáætlun til kaupa á Neyðarkallinum og hefur sveitarstjóri þegar samþykkt kaup til stuðnings Björgunarfélags Árborgar en sveitarstjórn ákveður upphæðina.

Sveitarstjórn samþykkir að veita styrk að upphæð 100.000 kr. fyrir árið 2025 til Björgunarfélags Árborgar.

Samþykkt með 5 atkvæðum

5. Gjaldskrá fyrir félagslega heimaþjónustu í Flóahreppi

Fyrir liggur gildandi gjaldskrá Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings bs. fyrir félagslega heimaþjónustu í Bláskógabyggð, Grímsnes- og Grafningshreppi og Hrunamannahreppi. Að byggðasamlaginu standa þessi þrjú sveitarfélög ásamt Flóahreppi og Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir að áfram verði ekki rukkað fyrir félagslega heimaþjónustu í Flóahreppi á árinu 2026 og hvetur til umræðu í stjórn og fagnefnd byggðasamlagsins um málið.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

6. Samþykkt fyrir Héraðsskjalasafn Árnesinga bs. – fyrri umræða

Fyrir liggja samþykktir fyrir Héraðsskjalasafn Árnesinga bs. til fyrri umræðu.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir að vísa samþykktum til síðari umræðu.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

7. Samþykkt fyrir Byggðasafn Árnesinga bs. – fyrri umræða

Fyrir liggja samþykktir fyrir Byggðasafn Árnesinga bs. til fyrri umræðu.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir að vísa samþykktum til síðari umræðu.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

8. Samþykkt fyrir Listasafn Árnesinga bs. – fyrri umræða

Fyrir liggja samþykktir fyrir Listasafn Árnesinga bs. til fyrri umræðu.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir að vísa samþykktum til síðari umræðu.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

9. Viðauki VI við fjárhagsáætlun 2025

Fyrir liggur yfirlit vegna viðauka VI við fjárhagsáætlun 2025. Viðaukinn er lagður fram til að mæta rauntölum í rekstrarkostnaði og þjónustutekjum 2025 og hefur áhrif á eftirfarandi málaflokka: fræðslu- og uppeldismál, menningarmál, íþróttar- og æskulýðsmál, brunamál og almannavarnir, hreinlætismál, yfirstjórn og eignasjóð (umsjón fasteigna.). Stærsti hluti viðauka kemur til vegna reksturs og hreinsunar á seyru á árinu og vegna launaliðar í Flóaskóla. Alls er viðauki VI upp á 39.000.310 kr.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir framlagðan viðauka VI við fjárhagsáætlun 2025 og verður honum mætt með lækkun á handbæru fé.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

10. Tillögur að gjaldskrár og álagningarforsendum 2026

Fyrir liggja tillögur að útsvarsprósentu, gjaldskrár og álagningarforsendum fyrir árið 2026. Sveitarstjórn samþykkir að útsvarshlutfall vegna ársins 2026 verði áfram 14,97%.

Sveitarstjórn samþykkir að vísa framlögðum tillögum að álagningarprósentu fasteignaskatts 2026 til síðari umræðu. Sveitarstjórn samþykkir að vísa framlögðum tillögum gjaldskrár 2026 til síðari umræðu.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

11. Fjárhagsáætlun Flóahrepps 2026-2029 – Fyrri umræða

Sveitarstjóri fór yfir helstu þætti fjárhagsáætlunar 2026 hvað varðar gjaldkrár, útsvar, álagningu og hækkunir á laun og rekstrarkostnað.

Sveitarstjórn samþykkir að vísa áætluninni til síðari umræðu.

Samþykkt með 5 atkvæðum

12. Fundargerðir

a) Sveitarstjórnar Flóahrepps nr. 329, dags. 04.11.2025

b) Fræðslunefndar nr. 161, dags. 03.11.2025

Varðandi lið 1 b) Þá hefur sveitarstjórn fundað með leikskólastjóra þar sem farið var yfir helstu þætti varðandi fjárhagsáætlun næsta árs. Eftir yfirferð á tölum þá er gert ráð fyrir 3,5% hækkun á laun og launatengd gjöld út frá áætluðum

kjarasamningshækkunum.

Varðandi lið 1 d) Þá hefur sveitarstjóri rætt við leikskólastjóra um málið en þetta snýr að niðurstöðum úttektar sem gerð var á starfsemi Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings bs. vorið 2025. Stjórn byggðasamlagsins mun fjalla um niðurstöður úttektar og kynna þær í kjölfarið fyrir aðildarsveitarfélögum.

Varðandi lið 3 c) Þá samþykkir sveitarstjórn að vísa erindi um aðstöðu og búnað í mötuneyti til umræðu á vinnufundi sveitarstjórnar vegna fjárhagsáætlunar ársins 2026 og í kjölfarið til afgreiðslu í síðari umræðu fjárhagsáætlunar. Hugmyndir um bættu vörumóttöku og aðstöðu starfsfólks hafa þegar verið ræddar í framkvæmda- og veitunefnd og er gert ráð fyrir að sú framkvæmd fari í fjárfestingaáætlun næstu ára. Sveitarstjórn samþykkir jafnframt að vísa erindi um kaup á chromebooks tölvum, spjaldtölvum, tölvum fyrir starfsmenn og snjallsjónvörp með chromecast til umræðu á vinnufundi sveitarstjórnar vegna fjárhagsáætlunar 2026 og í kjölfarið til afgreiðslu í síðari umræðu fjárhagsáætlunar. Sveitarstjóri hefur þegar opnað á samtal um yfirferð og uppfærslu á þjónustusamningum og endurnýjun á búnaði við Opin kerfi og snýr sú yfirferð að leik- og grunnskóla og skrifstofu.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

Varðandi lið 3 d) Þá mun sveitarstjórn áfram fylgja eftir ábendingum um slæmt ástand vega við Vegagerðina sem sinnir veghaldi í sveitarfélaginu. Sveitarstjórn tekur undir að gott væri að hefja helstu vegi oftar en tvisvar á ári.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

Varðandi lið 3 e) Þá samþykkir sveitarstjórn að óbreytt fyrirkomulag verði varðandi skólamáltíðir og verða þær áfram gjaldfrjálsar á árinu 2026 í takti við samkomulag þar um.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

c) Framkvæmda- og veitunefndar nr. 37, dags. 03.11.2025

Varðandi lið 1 a) Þá vísar sveitarstjórn minnisblaði um fjárfestingar í vatnsveitu til umræðu á vinnufundi sveitarstjórnar vegna fjárhagsáætlunar 2026 og í kjölfarið til afgreiðslu í síðari umræðu fjárhagsáætlunar.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

Varðandi lið 2 b) þá samþykkir sveitarstjórn að ljósum í öllum salnum í Þingborg verði skipt út í led ljós og að loft í salnum verði allt málað í þeim framkvæmdum sem nú standa yfir.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

Varðandi lið 3 b) þá vísar sveitarstjórn viðhalds- og framkvæmdaáætlun 2026 til umræðu á vinnufundi sveitarstjórnar vegna fjárhagsáætlunar 2026 og í kjölfarið til afgreiðslu í síðari umræðu fjárhagsáætlunar.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

- d) Stjórnar Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum nr. 84, dags. 27.08.2025
- e) Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga nr. 988, dags. 31.10.2025
- f) Stjórnar SASS nr. 629, dags. 22.10.2025
- g) Aðalfundar Heilbrigðiseftirlits Suðurlands bs. dags. 24.10.2025
- h) Heilbrigðisnefndar Suðurlands nr. 249, dags. 04.11.2025
- i) Stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands nr. 338, dags. 22.10.2025
- j) Stjórnar Markaðsstofu Suðurlands nr. 3, dags. 10.11.2025
- k) Héraðsnefndar Árnesinga bs. nr. 35, dags. 14.10.2025
- l) Aðalfundar Brunavarna Árnesinga bs. dags. 14.10.2025
- m) Aðalfundar Tónlistarskóla Árnesinga bs. dags. 14.10.2025

13. Efni til kynningar

- a) Aðventuhátíð Flóahrepps í Félagslundi dags. 04.12.2025
 - b) Frá UMFÍ – Áskoranir og hvatningar frá þingi UMFÍ
 - c) Frá Sambandi Íslenskra sveitarfélga – Hringferð SÍS
 - d) Frá ÖBÍ – Alþjóðadagur fatlaðs fólks 3. desember
 - e) Málþing Minjastofnunar Íslands og Íslandsdeildar Icomos 27.11.2025
 - f) Frá Vegagerðinni – Umsókn um nýjan héraðsveg að Galdramýri L223808
 - g) Málþing Íslensku æskulýðsrannsóknarinnar dags. 18.11.2025
 - h) Frá nefnda- og greiningarsviði Alþingis – Til umsagnar 229. mál – Verndar og orkunýtingaráætlun og raforkulög
 - i) Frá nefnda- og greiningarsviði Alþingis – Til umsagnar 237. mál – Breyting á þingsályktun nr. 24/152 um áætlun um vernd og orkunýting landsvæða
 - j) Frá nefnda- og greiningarsviði Alþingis – Til umsagnar 175. mál – Innleiðing landsbyggðarmats í stefnumótun og lagasetningu stjórnvalda
- Sveitarstjóra falið að skila inn umsögn um málið í samstarfi við sveitarstjórn.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

- k) Næsti fundur sveitarstjórnar verður 2. desember kl. 17:00.

Árni Eiríksson (sign)

Walter Fannar Kristjánsson (sign)

Hjalti Guðmundsson (sign)

Hulda Kristjánsdóttir (sign)

Harpa Magnúsdóttir (sign)